

Tillaga í öryggisátt:

Að þegar verði hafin endurskoðun á reglum um losunar- og sjósetningarbúnað um borð í íslenskum skipum og heildarúttekt á þeim búnaði sem er í notkun í dag. Þar verði skoðað sérstaklega hvort núverandi búnaður sé að skila björgunarförum á þann hátt sem til er ætlast.

Nefndin telur nauðsynlegt að búnaðurinn sé þannig gerður að gúmmíbjörgunarbátar losni frá skipinu ef þeim hvolfir óháð stærð þeirra.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

1. Þriggja manna nefnd starfsmanna Samgöngustofu mun fara yfir og greina ákvæði allra reglna um öryggisbúnað um borð í íslenskum fiskiskipum og skila skriflegri greinargerð um niðurstöður sínar.
2. Skerpt verður á eftirliti skoðunarstöðva með öryggisbúnaði um borð í fiskiskipum þannig að tryggt verði að búnaðurinn virki í samræmi við aðstæður sem upp kunna að koma um borð í fiskiskipum.

Tillaga í öryggisátt:

Að gert verði skylt að vera með viðvörun um sjósöfnun í lestum skipa.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

1. Bæði reglur um smíði og búnað báta undir 15 m að lengd og reglugerð um öryggi fiskiskipa yfir 15 m að lengd eru með skýr ákvæði um viðvaranir ef sjór safnast í rými skipa.
2. Við upphafsskoðun og árlega skoðanir eru atriði sem taka á sjósöfnun sérstaklega yfirfarin og virkni prófuð.
3. Samgöngustofa mun leggja áherslu á það við skoðunaraðila að fylgjast með sjósöfnun í öllum rýmum skipa.

Tillaga í öryggisátt:

Að tryggt verði að samþykkt stöðugleikagögn sýni með skýrum hætti hver leyfileg hámarkslestun skipsins er og að hleðslumerki sé sett á öll fiskiskip í samræmi við það.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

1. Ákvæði um leyfilega hleðslu báts kemur fram í kafla V-2 í reglum um fríborð og hleðslumerki.
 2. Ákvæði um stöðugleikagögn báta kemur fram í kafla V-3 í reglum um fríborð og hleðslumerki.
-

Tillaga í öryggisátt:

Að þegar verði gerð úttekt á því hvort fiskiskip séu með fríborðshleðslumerki og þeim við haldið.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

1. Ákvæði eru í reglum um smíði og búnað báta undir 15 metrum að lengd fjalla skýrt um fríborð og hleðslumerki.
2. Skoðunaraðilar verða hvattir til að fylgjast sérstaklega með því að reglum um fríborð og hleðslumerk sé fylgt.

Tillaga í öryggisátt:

Að standa fyrir eflingu fræðslu um stöðugleika fiskiskipa til starfandi sjómanna með áherslu á þá þætti sem stafar af ofhleðslu skipa.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

1. Ákvæði um stöðugleika skipa eru í reglum og reglugerðum fyrir allar gerðir fiskiskipa.
2. Gefin hefur verið út fræðslubæklingur um stöðugleika skipa sem sendur var á sínum tíma í öll skip á skipaskrá
3. Samgönguráðuneytið setti árið 1998 af stað fræðsluherferð um stöðugleika skipa á mörgum stöðum á landinu.
4. Samgöngustofa og verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda hafa verið með fræðsluáróður í blöðum um hættuna á ofhleðslu minni báta.

Tillaga í öryggisátt:

Að hlutast til um herferð til að efla hlustunarvörslu skipstjórnarmanna á rás 16 og notkun tveggja rása vöktunar (Duel watch).

Afgreiðsla Samgöngustofu:

Samgöngustofa mun hlutast til um herferð til að efla hlustunarvörslu skipstjórnarmanna á rás 16 og notkun tveggja rása vöktunar (Duel watch).

Farið verður af stað með fræðsluáttak og auglýsingaferð til að kynna hlustunarvörsluna.

Tillaga í öryggisátt:

Að vegna óáreiðanleika AIS tækja, af B gerð, verði gerð krafa um að öll skip séu búin AIS A tækjum til að tryggja aukið öryggi sjófarenda.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

Samgöngustofa styður þessa tillögu og mun gera sitt af mörkum til að fylgja henni svo aukið öryggi sjófarenda verði tryggt.

Tillaga í öryggisátt:

Að farið verði eftir tilmælum IMO númer A.917 um sjálfvirkt auðkenningarkerfi (AIS) og sjómenn upplýstir um virkni kerfisins. Að tryggt verði að við nafnabreytingar á skipum verði viðeigandi leiðréttingar gerðar í AIS tækjum þeirra.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

Samgöngustofa styður þessa tillögu og mun gera sitt af mörkum til að fylgja henni svo aukið öryggi sjófarenda verði tryggt.

Farið verður af stað með fræðsluáttak og auglýsingaherferð til að kynna sjómönnum virkni kerfisins og minna sjómenn á að nafnabreytingar á skipum verði gerðar í AIS kerfunum.

Tillaga í öryggisátt:

Að efla eftirlit með faggiltum skoðunarstofum sem eru með leyfi til að skoða íslensk fiskiskip í umboði hennar og að löggildingar verði þegar krafist fyrir sérhæfðan prófunarbúnað þessa aðila.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

1. Skýr ákvæði eru í reglugerð um faggiltra skoðunarstofa um að uppfylla kröfur til að skoða skip.
2. Samgöngustofa hefur eftirlit með starfsemi skoðunarstofa og gerir reglulega úttekt á þeim.
3. Í skilyrðum til starfsleyfis þurfa skoðunarstofur að uppfylla meðal annars skilyrði um nauðsynlegan tækja- og prófunarbúna starfseminnar.

Tillaga í öryggisátt:

Að krafa verði gerð um merkingar á Berwyn sleppiloka um virkni hans og gildistíma.

Afgreiðsla Samgöngustofu:

1. Samgöngustofa lét á sínum tíma þrýstiprófa alla óselda Berwyn sleppiloka hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
2. Umboðsaðili Viking Life Save Equipment hér á Íslandi mun í framtíðinni þrýstiprófa alla Berwyn sleppiloka áður en þeir eru settir um borð í íslensk fiskiskip.
3. Umboðsaðili fyrir Berwyn sleppilokann sendir niðurtöður prófana til Samgöngustofu.